

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2004 þriðjudaginn 16. mars kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 23. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn. Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

1. Leifur Jónsson Hörg Svalbarðseyri sækir um leyfi fyrir breytingu á innréttingu í risi sem verið er að byggja ofan á íbúðarhúsið Hörg smkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Árna Gunnari Kristjánssyni.

Byggingarnefnd samþykkir þær breytingarnar sem nýjar teikningar sýna.

2. Katla ehf Melbrún 2 Dalvíkurbyggð sækir um leyfi fyrir byggingu á tveimur samskonar einbýlishússum, á lóðum nr. 1 og 3 á skipulögðu svæði við Lónshlíð í Hörgárbyggð samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá AVH teiknistotu.

Byggingarnefnd frestar afgreiðslu á erindinu þar sem lóðir hafa ekki verið stofnaðar og einnig var umræða um að innra skipulag húsanna yrði endurskoðað.

3. Kristján Jónsson Tréstöðum Hörgárbyggð sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhúsið á Tréstöðum. Einnig er sótt um leyfi fyrir bílskúr með tengibyggingu við húsið. Meðfylgjandi teikningar eru frá teiknistofu sem heitir, Á Stofunni Arkitektar, Bergstaðastræti 10 Reykjavík.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

4. Íslenskt Sjávarfang ehf sækir um leyfi byggingarnefndar fyrir að skipta húseigninni Sandhorni í Hrísey upp í tvær sjálfstæðar fasteignir. Meðfylgjandi teikningar af húsinu þar sem fram kemur fyrirhuguð skipting eru frá teiknistofunni Opus ehf undirritaðar af Þresti Sigurðssyni.

Byggingarnefnd samþykkir skiptingu hússins fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson
Jónas Baldursson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson
Jósavin Gunnarsson